

Nd.

783. Nefndarálit

[281. mál]

um frv. til laga um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þegar frv. að lokinni 1. umræðu í efri deild hafði verið vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar, héldu nefndir beggja deilda tvo sameiginlega fundi um málið, og voru mætir á báðum þessum fundum þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri og Guðjón Hansen tryggingafræðingur auk forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sigurðar Ingimundarsonar alþm. Gerðu þessir aðilar grein fyrir málinu í heild og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna um einstök atriði þess.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar hefur rætt málið á tveimur fundum, farið yfir þær breytingar, sem á frv. voru gerðar í efri deild, og skoðað þær breytingartillögur, sem fram hafa komið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti. MB og GeirH áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. apríl 1971.

Guðl. Gíslason,
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Matthias Bjarnason.

Geir Hallgrímsson.